LÖG

FÉLAGS OPINBERRA STARFSMANNA

Á AUSTURLANDI.

1. gr.

Félagið heitir Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi. Heimili þess og varnarþing er á Austurlandi.

2. gr.

Félagið er stéttarfélag opinberra starfsmanna á Austurlandi.
Tilgangur félagsins er meðal annars.

1. Að fara með forsvar um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. Að gæta hagsmuna félagsmanna sinna launalega, félagslega og faglega, svo sem um starfskjör, eftirlaun og önnur réttindi, sem og skyldur, og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum.

3. Að efla samhug félaga sinna með aukinni kynningu þeirra og samhjálp eftir því sem föng eru á.

4. Að stuðla að auknu samstarfi opinberra starfsmanna. Félagið tekur ekki afstöðu til stefnu stjórnmálaflokka.

3.gr.

Réttindi til inngöngu í félagið eiga:

Allir opinberir starfsmenn á Austurlandi sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu bæjar-eða sveitarfélags á Austurlandi eða atvinnufyrirtækja þeirra með föstum tíma- viku eða mánaðarlaunum, einnig starfsmenn ríkis, sameignarstofnana svo og sjálfseignarstofnana sem starfa í almanna þágu, enda

hafi þeir að minnsta kosti hálft starf á vegum þess. Stjórninni er þó heimilt að veita undanþágu frá þessari grein þegar sérstaklega stendur á.

4.gr.

Allir starfsmenn, sem taka laun samkvæmt kjarasamningi félagsins skulu greiða félagsgjöld til þess. Gangi maður úr þjónustu sveitarfélaganna eða þess fyrirtækis, sem hann hefur unnið við, missir hann þegar félagsréttindin.
Félagsmenn sem verða atvinnulausir skulu halda félagsaðild og þeim réttindum sem er á færi félagsins að veita á meðan þeir eru atvinnulausir. Atvinnulausir greiði félagsgjald, en heimilt er stjórn félagsins að fella það niður að hluta eða öllu leyti. Sé einhverjum félagsmanni sagt upp starfi að ástæðulausu getur hann falið stjórn félagsins að gera tilraun til endurráðningar, enda sé stjórnin sammála um að taka upp slík mál.

Félagsmaður lætur að störfum fyrir aldurssakir, eða af sjúkdómsástæðum og hefur unnið rétt til ellilauna eða lífeyris telst aukafélagi og er undanþegin því að greiða félagsgjald til félagsins.

5.gr.

Allir félagar eru skyldir að hlýða lögum og lögmætum samþykktum félagsins. Telji stjórn félagsins sannað að félagsmaður hafi gerst brotlegur gagnvart lögum félagsins og/eða samþykktum þess, getur hún vikið honum úr félaginu um stundarsakir, en ávalt skal fjalla um slíkar tillögur á félagsfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða til brottvikningar.

6.gr.

Úrsögn leysir engan undan greiðsluskyldu skv.7.gr.laga nr.94 31.12/1986.
Félasmaður sem skuldar áfallið félagsgjald sitt 1.okt.,skal settur á aukaskrá og glata um leið atkvæðisrétti sínum og kjörgengi til trúnaðarstarfa, þar til skuldin er að fullu greidd. (Sbr.13.gr.2.lið)

7.gr.

Stjórn félagsins skipa 7 menn, kosnir til eins árs í senn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 3 meðstjórnendur.

Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.
Stjórnin skiptir að öðruleyti sjálf með sér verkum.
Að hámarki 3 geta gengið úr stjórn í einu.

8.gr.

Formaður félagsins kallar saman félagsfundi og stjórnarfundi og stjórnar þeim, þó er honum heimilt að fela varaformanni fundarstjórn, og skipa fundarstjóra á félagsfundum. Í fjarveru formanns gegnir varaformaður öllum sömu störfum og formaður.
Ritari heldur gerðabók og færir í hana fundargerðir. Hann annast bréfaskriftir fyrir félagið ásamt formanni. Hann geymir skjöl þess og gögn.

Gjaldkeri varðveitir sjóði félagsins og aðra fjármuni, skal allt handbært fé vera geymt og ávaxtað í banka eða sparisjóði.
Hann innheimtir félagsgjöld félagsmanna og greiðir alla reikninga eftir að formaður hefur samþykkt þá.
Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða ársreikninga á aðalfundi.

9.gr.

Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar svo oft sem henni þurfa þykir. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí-mánaðar ár hvert. Aðalfund skal þó halda síðar ef veður, færð eða aðrar ástæður hamla. 5 félagsmenn geta krafist þess að fundur veri haldinn í félaginu og skulu þeir tilgreina fundarefni. Er stjórninni skylt að kalla saman fund innan 14 daga. Áður skal stjórn félagsins þó leitast við að leysa málið.

10.gr.

Félagsfundi skal boða með minnst sjö daga fyrirvara með heimsendu fundarboði til hvers félagsmanns og uppfestri auglýsingu. Jafnframt skal tilgreint fundarefni í fundarboði. Allir félagsfundir eru lögmætir ef boðaðir hafi verið samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.
Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi, skal boðað til framhaldsfundar með sama hætti svo fljótt sem kostur er.

11.gr.

Aðalfundur er æðsta vald félagsins. Skal hann haldinn fyrir lok maí-mánaðar ár hvert.sbr.9.gr.
Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu um félagsstarfið á liðnu starfsári.

2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins.

3. Tillögur til lagabreytinga. Enda hafi þær borist félagsmönnum með fundarboði.

4. Tekin ákvörðum um árgjöld félagsmanna.

5. Kosning stjórnar skv. 7.gr.

6. Kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og einn til vara.

7. Önnur mál sem fram koma á fundinum.

12.gr.

Fundum skal stjórna eftir venjulegum fundarsköpum. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins hafi breytingarnar verið tilkynntar í fundarboðinu. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála nema bið lagabreytingar þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til þess að breyting sé löglega samþykkt.

13.gr.

Reikningsár fálagsins er almanaksárið.

1. Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi á hvert og fellur það þá þegar í gjalddaga.
2. Heimilt er að láta draga árgjaldið frá launum félagsmanna allt að því 12 sinnum á ári ef henta þykir.

14.gr

Verði félagið lagt niður með fundarsamþykkt, en til þess þarf samþykki 2/3 atkvæða félagsmanna, skal þáverandi stjórn félagsins sjá til þess að eignir þess verði seldar, og andvirði þeirra komið í vörslu hjá ríkistryggði lánastofnun, á hagstæðustu ávöxtun. Skjölum þess skal komið í vörslu hjá Skjalasafni á Austurlandi.
Verði félagið ekki endurreist innan 5 ára frá því að stjórn þess skilaði af sér, skulu eignir þess, að þeim tíma liðnum renna til sveitafélaga þeirra sem mótframlög greiddu, í réttu hlutfalli við framlögin, og verði fjárhæðinni varið til öldrunarmála eða hliðstæðrar starfssemi.

Þannig samþykkt á aðalfundi FOSA þann 24.september 2018.